

Nr. 29/1895:

Eggert Briem fyrir hönd
Alexander Dickson Rennie
gegn
Birni Kristjánssyni.

D ó m u r :

Eins og skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi flutti gagnáfrýjandi Björn kaupmaður Kristjánsson í Reykjavík haustið 1893 fjárfarm frá Íslandi til Skotlands, og hafði hann fengið aðaláfrýjanda, Alexander Dickson Rennie, kaupmann í Glasgow, til að annast um sölu fjárins. En þegar til Skotlands kom, var bannað að flytja fjárfarminn þar í land, með því að eigi hafði verið gætt þar gildandi laga um innflutning lifandi sauðfjár frá Íslandi; það varð því að slátra fjenu í skipinu og selja afurðir þess, en þær seldust með mjög miklum afföllum. Björn Kristjánsson áleit, að Al. Dickson Rennie ætti sök á því, að þannig til tókst, og höfðaði hann því haustið 1893 mál á móti Rennie fyrir dómstól á Skotlandi: »Lords of Council and Session«, sem þar er æðstur dómstóll í einkamálum, og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða sjer 4000 pd. sterl. (= 72000 kr.) í skaðabætur fyrir tjónið, en máli þessu lyktaði svo, að sækjandinn Björn Kristjánsson samþykkti, að verjandi yrði sýknaður og fengi dóm fyrir málskostnaði; var samkvæmt því sýknudómur upp kveðinn af áðurnefndum dómstóli hinn 26. júní 1894, og með öðrum dómi sama rjettar, upp kveðnum 20. júlí næst á eptir, var Björn Kristjánsson

dæmdur til að greiða A. Dickson Rennie 346 pd. sterl., 14 sh., 9 d. í málskostnað, eða 6241 kr. 27 a. — Málaflutningsmaður Eggert Briem höfðaði síðan mál fyrir hönd A. Dickson Rennie's gegn Birni Kristjánssyni fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, til þess að fá dóm hjerlends dómstóls yfir honum fyrir þessari málskostnaðarupphæð, sem hann þó færði niður í 3977 kr. 32 a., með því að Rennie kannaðist við, að Björn Kristjánsson ætti inni hjá sjer 2263 kr. 95 a., sem mætti draga frá hinni til dæmdu málskostnaðarupphæð, svo krafðist hann og 5 % vaxta af upphæðinni frá sátta-kærudegi 23. ágúst f. á. Fyrir bæjarþingsrjettinum höfðaði Björn Kristjánsson gagnsök gegn aðalsækjanda, og krafðist þess, að hann yrði sýkn dæmdur í aðalsökinni og að málskostnaður yrði dæmdur til handa honum, en í gagnsökinni, að aðalsækjandi yrði dæmdur til að greiða sjer viðurkennda skuld 3420 kr., og auk þess principaliter 10,000 kr. í skadabætur fyrir vanrækslu hans sem umboðsmaður við sölu á fyrstjéðum fjárfarmi og undirbúning undir móttöku farmsins á Skotlandi, eða til vara andvirði 175 sauðkinda með 3500 kr. og 1771 kr. 35 a. í skadabætur fyrir skeytingarlausu sölu á 209 sauðarkrofum, samtals 5271 kr. 35 a. með 5 % vöxtum frá sátta-kærudegi 9. okt. f. á. til borgunardags. Svo framarlega krafa gagnsækjanda í aðalsökinni eigi gæti orðið til greina tekin, krafðist hann þess, að gagnsóknarkröfur hans, eða svo mikið af þeim, sem þyrfti, kæmi til greina til skuldajafnaðar í aðalsökinni. Aðalsækj-

andi krafðist þess fyrir bæjarþingsrjettinum, að gagnsóknarmálinu yrði vísað frá, en rjetturinn tók ekki þessa kröfu til greina, og var í aðalsökinni og gagnsókinni upp kveðinn dómur 21. marz þ.á. á þá leið, að aðalstefndi og gagnstefnandi Björn Kristjánsson á að greiða aðalstefnanda og gagnstefnda Eggerti Briem fyrir hönd Alex. Dickson Rennie 1936 kr. 74 a. með 5 0/0 vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður. Þessum bæjarþingsdómi hefur Eggert Briem sem umboðsmaður fyrir Alex. Dickson Rennie skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. júní þ. á., og krafizt þess, að honum verði breytt þannig, að Björn Kristjánsson verði dæmdur til að greiða honum fyrir hönd A. D. Rennie's 3977 kr. 32 a. með 5 0/0 vöxtum frá sáttakærudegi, en að gagnsóknarmálinu verði vísað frá undirrjetti, eða til vara, að Rennie verði sýknaður fyrir öllum gagnkröfum Björns Kristjánssonar; svo krefst hann og dóms fyrir málskostnaði fyrir báðum rjettum, að upphæð 500 kr. Af sinni hálfu hefur Björn Kristjánsson gagnáfrýjað sökinni og krafizt þess *principaliter*, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kröfum aðaláfrýjanda og að gagnkröfur hans fyrir undirrjettinum, sem tilgreindar eru hjer að framan, verði að öllu leyti til greina teknar, en *til vara*, að hinum áfrýjanda dómi verði breytt þannig, að auk upphæða þeirra, sem hann hefur tekið til greina gagnáfrýjanda í vil, sem eru 269 kr. 23 a. + 1771 kr. 35 a., samtals 2040 kr. 58 a., verði enn fremur tekin til greina til skulda-

jafnaðar krafa hans um 3500 kr., sem er andvirði 175 vantandi sauðkinda, eða svo mikið af þessari kröfu, sem nægir til þess að kröfur málsaðila fallist algjörlega í faðma, svo og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað í aðal- og gagnsök bæði fyrir undirrjetti og yfir-dómi með 500 kr. eða annari nægilegri upphæð; og loksins krefst hann til þrautavara, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað með einhverri nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Aðaláfrýjandi byggir kröfu sína á áður nefndum dómum hins skozka dómstóls „*Lords of Council and Session*“, upp kveðnum 26. júní og 20. júlímán. f. á., en með dómum þessum var aðaláfrýjandi sýknaður og gagnáfrýjanda gjört að greiða sakarkostnað í máli því, sem gagnáfrýjandi hafði höfðað þar gegn aðaláfrýjanda, en síðan látið falla niður. Gagnáfrýjandi hefur haldið því fram, að ákvæði dóma þessara sjeu eigi bindandi fyrir hjerlenda dómstóla, að málskostnaðurinn, sem þeir hafa dæmt, sje fjarri öllum sanni, eptir því sem hjer á landi tíðkast, og að sundurlíðaður reikningur yfir málskostnaðinn hafi eigi verið fram lagður af aðalsækjanda nje önnur skilríki, er hann verði metinn eptir. Þessi andmæli gagnáfrýjanda geta eigi álitizt á rökum byggð. Hann höfðaði sjálfur málið fyrir hinum útlenda (skozka) dómstól, og lagði það þannig undir úrskurð hans. Engum efa hefur verið hreift um það, að dóm-

stóllinn hafi haft löglega heimild til að fara með málið og dæma það eptir þeim rjettarfarsreglum, sem gilda á Skotlandi. Dómur hans hlýtur því að vera bindandi fyrir gagnáfrýjanda, einnig málskostnaðarákvæðin, þótt þau kunni að vera ósamkvæm rjettarvenju hjer á landi. Og með því að ákvæði dómanna, sem sýkna aðaláfrýjanda og leggja málskostnað á gagnáfrýjanda, eigi koma í bága við hjerlend lög þannig, að þeim geti eigi orðið fullnægt hjer, virðist eiga að taka þau til greina, eins og þau liggja fyrir, en samkvæmt því verður að samþykkja kröfu aðaláfrýjanda í aðal-sökinni og dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum 3977 kr. 32 a., eins og undirdómarinn hefur gjört.

Þar sem aðaláfrýjandi hefur krafizt þess, að gagnsóknumálinu verði vísað frá undirrjetti, með því að gagnkröfurnar sjeu vefngdar reikningskröfur, sem eigi geti tekizt til greina á móti kröfu, sem dómur er fenginn fyrir, ber að geta þess, að aðaláfrýjandi hefur haldið uppi vörn í gagnsökinni í aðalefni hennar, jafnframt og hann hefur krafizt frávísunarinnar, og virðist því ekki tilefni til að vísa gagnsökinni frá dómi, enda eru bæði málin af sömu rót runnin, og kröfurnar að því leyti skyldar. Koma þá til álitu kröfur gagnáfrýjanda í gagnsökinni.

Aðaláfrýjandi hefur haldið því fram, að öllum þessum kröfum hafi verið hrundið með hinum skozka sýknudómi 26. júní 1894, og geti gagnáfrýjandi fyrir því nú eigi aptur

komið fram með þær. Aftur á móti er það skoðun gagnáfrýjanda, að þetta mál sje annars efnis en málið fyrir hinum skozka dómstóli, sje byggt á öðrum grundvelli og stefni í aðra átt, og hafi áminnztur dómur ekki dæmt neitt um gagnkröfur þær, sem nú eru gjörðar. Þegar dómurinn er athugadur með tilliti til þessa og í sambandi við rjettargjörðir þær (closed Record), sem fram hafa verið lagðar, er það ljóst, að aðaláfrýjandi hefur með tjeðum dómi verið sýknaður af kröfum þeim, sem gagnáfrýjandi hafði gjört samkvæmt stefnunni, en þær voru: 4000 punda (sterl.) bóta-krafa fyrir skaða og tap, er aðaláfrýjandi hefði bakað honum með handvömm (>fault<) og samningsrofi, svo og málskostnaðarkrafa, allt samkvæmt málsfærslunni fyrir hinum skozka rjetti (sbr. dóm-inn sjálfan og rjettargjörðirnar, closed record, sjer-staklega stefnuna I og rjettarkröfurnar III). Það verður nú að taka til álita, að hve miklu leyti þessi dómur og málsfærsla gagnáfrýjanda fyrir hinum skozka dómstól snertir gagnkröfur þær, sem hann hefur nú gjört, og hefur áhrif á þær.

Þar sem gagnáfrýjandi hefur krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum víðurkennda skuld, 3420 kr., og byggir þetta á hinum skozku rjettargjörðum (cond. XVIII ans. XVIII), en þar segir aðaláfrýjandi svo frá, að andvirði hins selda fjár hafi alls verið um 550 pund sterl., að gagnáfrýjandi hafi sjálfur inn heimt um 50 pund, að hann hafi meðtekið frá sjer, aðaláfrýjanda, upp í andvirðið, að því leyti sem hann

(aðaláfrýjandi) hafi innheimt það, 310 pund, og að »lítill« afgangur sje í vörzlum sínum (o: aðaláfrýjanda), þá er þessi skýrsla ekki svo ákveðin, að á henni verði byggt það, að aðaláfrýjandi hafi þá skuldað 190 pund (= 3420 kr.), enda lagði hann síðar fram fyrir hinn skozka dómstól sundurliðaða skilagrein fyrir því, er hann kannaðist við að hafa veitt móttöku fyrir gagnáfrýjanda, og telur hann þá mismuninn (o: skuld sína) £ 125, 15, 6 (= 2263 kr. 95 a.) en þessa upphæð hefur hann dregið frá kröfu sinni í aðalmálinu. Það verður ekki álitid, að aðaláfrýjandi hafi viðurkennt, að hann hafi skuldað gagnáfrýjandi meira af andvirði hins selda fjár og afurða þess, en þessa upphæð, og verður hann ekki dæmdur til að greiða áminnztar 3420 kr.

Því næst hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 10,000 kr. í skaðabætur fyrir vanrækslu og skeytingarleysi í umboðsrekstri hans, en um þessa kröfu verður yfirdómurinn að vera undirdómaranum sammála og fallast á það, að um hana hafi verið dæmt með hinum skotska dómi, og aðaláfrýjandi sýknaður af henni. Verður hún því nú eigi tekin til greina. Sömu leiðis og af sömu ástæðu verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur eigi tekið til greina kröfu gagnáfrýjanda um 3500 kr., sem andvirði 175 sauðkinda, sem drápust eða voru skornar í skipinu, er það lá í Leith, og urðu að mestu ónýtar, sbr. rjettargjörðirnar, Closed Record, cond. XVI og ans. XVI. Eptir því sem fram er

komið í málinu, hefur aðaláfrýjandi eigi veitt þessum sauðkindum móttöku eða ráðstafað þeim á nokkurn hátt, en andvirði þeirra verður að álíta að hafi verið fólgið í 4000 punda skaðabótakröfu gagnáfrýjanda fyrir hinum skozka dómstól.

Undirdómariinn hefur í dóm sínum tekið til greina kröfu gagnáfrýjanda um skaðabætur fyrir skeytingarlausu sölu á 209 sauðarkrofum, og dæmt honum í því skyni 2½ pence fyrir hvert pund, eða alls 1771 kr. 35 a., og er þessi upphæð dregin frá dómkröfunni í aðalmálinu; telur undirdómariinn, að þessi skaðabótakrafa hafi eigi komið fram fyrir hinum skozka dómstóli og fyrir því eigi verið dæmt um hana þar. Eins og áður er tekið fram, var krafa gagnáfrýjanda fyrir nefndum dómi beinlínis stíluð upp á skaðabætur fyrir handvömm og samningsrof aðaláfrýjanda í umboðsrekstri hans, og gat því krafan um bætur fyrir sauðarkrofin verið fólgin í aðalkröfunni, og að svo hafi verið í raun og veru, má sjá af rjettargjörðunum (Closed Record) Cond. XVII, Ans. XVII. Það verður því að álíta, að margnefndur sýknudómur hins skozka dómstóls hafi einnig dæmt um þetta málsatriði, og verður krafa gagnáfrýjanda því ekki tekin til greina að því er það snertir.

Í skilagrein þeirri, sem áður er getið um, að aðaláfrýjandi hafi fram lagt yfir fjárupphæð þá, er hann hafi veitt móttöku fyrir hönd gagnáfrýjanda, og um það, hvernig hann hafi ráðstafað henni, telur hann gagnáfrýjanda til skuldar kostn-

að til dýralæknis £ 2. 2. 0, og kostnað við ferðalög og á gistihúsum £ 12. 17. 3, samtals £ 14. 19. 3, eða 269 kr. 33 a. (í undirrettarrjettardóminum 23 a.), en þessum kostnaðarlið hefur gagnáfrýjandi mótmælt algjörlega sem sjer óviðkomandi. Með því að aðaláfrýjandi hefur eigi sannað rjettmæti þessa kröfupósts, og það verður eigi sjeð, að hinn skozki dómstóll hafi dæmt um hann, verður að losa gagnáfrýjanda við að greiða þessa upphæð og draga hana frá aðalupphæðinni í málinu.

Samkvæmt hinu framanritaða ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda 3977 kr. 32 a., að frá dregnum 269 kr. 33 a., eða 3707 kr. 99 a. með 5 % vöxtum frá sáttakærudegi 23. ágúst f.á. til borgunardags. Um málskostnað í hjeraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en eptir málavöxtum þykir rjett, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 120 kr., sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett vera:

Gagnáfrýjandi Björn Kristjánsson greiði aðaláfrýjanda Eggerti Briem fyrir hönd Alexander Dickson Rennie 3707 kr. 99 a. með 5 % vöxtum frá 23. ágústm. f. á. til borgunardags. Um málskostnað í hjeraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda að upphæð 120 kr.

Dómi þessum ber að füllnægja innan 8.

vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desembermánaðar.

Nr. 52/1895:

Rjettvisin

gegn

Nikulási Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Húnavatnssýslu, upp kveðnum 22. maímán. þ. á., var hinn ákærði Nikulás Guðmundsson dæmdur fyrir stórpjófnað og einfaldan þjófnað með skýrskotun til 40. gr. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða 20 kr. í skaðabætur til Ólafs Gunnlaugssonar í Ártúni og enn fremur allan málskostnað, þar í fólgin málsvarnarlaun til verjanda í hjeraði 10 kr. Þessum dómi hefur verið átrýjað til yfirdómsins bæði fyrir hönd hins ákærða og af hálfu rjettvisinnar.

Það er sannað með játningu ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi aðfaranótt hins 21. júlímán. 1894 tekið hest í heimahögunum á Auðkúlu, sem var eign prestsins þar, riðið hestinum suður á land, og brúkað hann þangað til hann seint í ágústmánuði s. á. hafði hestakaup á honum við bóndann á Ártúni í Mosfellssveit, Ólaf Gunnlaugsson, og fjekk 20 kr. í milligjöf. Ákærði hefur kannazt við það, að hann hafi tekið hestinn til